

Kæri nýnemi - velkominn í Flensburg!

Það stýttist í að skólastarf hefjist að nýju og við hlökkum mikið til að taka á móti þér í næstu viku, nánar tiltekið **þriðjudaginn 20. ágúst kl. 11:00 á sal skólans**. Opnað verður fyrir stundatöfluna þína í Innu **mánudaginn 19. ágúst** en til þess að geta opnað Innu **þarf rafræn skilríki**. Þau færðu í viðskiptabankanum þínum.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista, en mikilvægt er að nemendur komi með námsgögn við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, miðvikudaginn **21. ágúst kl. 08:30, strax að lokinn skólasetningu**. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður **Office pakkanum frítt** í gegnum heimasíðuna. Hægt verður að **leigja skápa** í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á [skrifstofa@flensburg.is](mailto:skrifstofa@flensburg.is). Einnig að kaupa **10 og 20 skipta matarkort** í heitan mat í mötuneytinu, á sérstöku tilboði í upphafi annar: 10 skipti á kr. **9.500**, 20 skipti á kr. **19.500**.

Eins og áður hefur komið fram þá ert þú í **bekk Bekkur 6. Hámarkskennari** þinn er Íris Jónsdóttir og er m.a. umsjónarkennari þinn og tengiliður við skólann (nemendapjónustu og fleira). Meira um þetta á nýnemakynningunni á þriðjudaginn en þá verða nýnemar boðnir velkomnir í skólann auk þess sem farið verður yfir það helsta sem þarf að hafa í huga við upphaf skólaárs. **Nemendafélag skólans** verður einnig á staðnum og kynnrir starfsemi sína.

### Að lokum

Eins og sjá má hér að ofan þá er ýmislegt framundan og því mikilvægt að fylgjast vel með tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans og samfélagsmiðlum. Einnig að **fylgjast vel með á INNU** því þar koma fram allar helstu upplýsingar um námið, heimavinnu og fleira. Einnig bið ég þig um að kynna þér helstu reglur skólans, m.a. almennar skólareglur og reglur um mætingu en þær má finna á [heimasíðu skólans](#).

Gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,

skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði